



Sveitarfélagið Múlaþing
Bt. Skipulagsfulltrúa
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

Gunnarsholti, 29. júní 2023

Umsagnarbeiðni: Deiliskipulag, smávirkjun Gestreiðarhálsi

Landgræðslunni barst til umsagnar deiliskipulag vegna smávirkjunar Gestreiðarhálsi. Landgræðslan hefur kynnt sér tillögurnar og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan ítrekar fyrir umsögn vegna málsins, dagss. 9. febrúar 2023, þar sem segir að fyrirhuguð rafstöð, rafstrengur og ljósleiðari munu liggja í mýrarvistkerfum með hátt verndargildi samkvæmt Bernar-sáttmálanum. Í því sambandi eru litlar einingar votlendis, eins og þær á áhrifasvæði virkjunarinnar á Gestreiðarhálsi, sérlega verðmætar og ætti að forðast að raska. Jafnframt nýtur votlendi sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þá er einnig rétt að benda á að áætlaður loftslagsávinningur af því að hætta notkun jarðefnaeldsneytis við rekstur fjarskiptastöðvarinnar verður að litlu hafður sé votlendi á svæðinu raskað.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir tillögu að deiliskipulag vegna smávirkjunar á Gestreiðarhálsi en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur